

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

#### *Deiliskipulag við Heiðarbrún á Stokkseyri.*

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Heiðarbrún á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 25. júní 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 1. ágúst 2001 til og með 29. ágúst 2001 með athugasemdafresti til og með 12. september 2001.

#### *Deiliskipulag við Hrísmýri á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og iðnaðarsvæði við Hrísmýri á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 29. maí 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 28. september 2001 til og með 26. október 2001 með athugasemdafresti til og með 9. nóvember 2001.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna haf hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

*Selfossi, 24. nóvember 2004.*

**Grétar Zóphaniásson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.